

Þriðjudaginn 27. febrúar 1996.

Nr. 81/1996.

Skinnaðnaður hf.

(Benedikt Ólafsson hdl.)

gegn

Bjarna V. Magnússyni

Höfn-Þríhyrningi hf.

Íslensku umboðssölunni hf.

Björgvin Ólafssyni og

Sauðárkrókskaupstað

(Sveinn Snorrason hrl.)

Kærumál. Málshöfðunarfrestur. Matsgerð. Hlutfélög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 14. febrúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 23. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra, upp kveðinn 8. febrúar 1996, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum er vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar, en til vara, að málskostnaður í héraði verði felldur niður, ef staðfest verði ákvörðun um frávísun málsins. Í báðum tilvikum krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur um annað en málskostnað. Verður sóknaraðili dæmdur til að greiða varnaraðilum málskostnað í héraði og kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur um annað en málskostnað.

Sóknaraðili, Skinnaiðnaður hf., greiði varnaraðilum, Bjarna V. Magnússyni, Höfn-Þríhyrningi hf., Íslensku umboðssögunni hf., Björgvin Ólafssyni og Sauðárkrókskaupstað, hverjum um sig 50.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 8. febrúar 1996.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum flutningi 11. janúar 1995, er höfðað af Skinnaiðnaði hf., kt. 661093-2509, Dalsbraut 1, Akureyri, með stefnu, birtri 23. og 24. ágúst 1995, á hendur Bjarna V. Magnússyni, kt. 080924-2409, Ægissíðu 46, Reykjavík, persónulega og sem stjórnarformanni firmanna Hafnar-Þríhyrnings hf., kt. 460976-0229, Tryggvatorgi 1, Selfossi, og Íslensku umboðssögunnar hf., kt. 600970-0469, Seljavegi 2, Reykjavík, f. h. félaganna, Björgvin Ólafssyni, kt. 160621-4199, Móabará 6 b, Hafnarfirði, og Sauðárkrókskaupstað, kt. 560269-7579, Faxatorgi, Sauðárkróki. Þá er Loðskinni hf., kt. 440269-1419, Borgarmýri 5, Sauðárkróki, stefnt til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda.

Stefnandi krefst þess aðallega, að mati á verðmæti hlutabréfa í félaginu Loðskinninum hf. samkvæmt matsgerð dómkvaddra matsmanna í máli Héraðsdóms Norðurlands vestra nr. M-2/1995 verði hnekkð og viðurkennt verði með dómi, að kaupverð, að fjárhæð 14.000.000 króna, sem Skinnaiðnaður hf. greiddi Sláturfélagi Suðurlands svf. fyrir hlutabréf í Loðskinninum hf., að nafnverði 31.806.988 krónur, sé ekki minna en sanngjarnt verð fyrir hlutinn.

Til vara krefst stefnandi þess, að matið verði ógilt og stefndu sæti ákvörðun dómsins um lægra endurgjald fyrir hlutina en nemur kaupverðinu, en meiru en niðurstaða matsins segir til um. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda.

Dómkröfur stefndu.

Stefndu krefjast þess, að matsgerð matsmanna frá 9. maí 1995 um verðmæti hluta í Loðskinninum hf. 9. september 1994 verði staðfest og viðurkennt verði með dómi, að matsgerðin sé bindandi fyrir aðila og hafi veitt stefndu rétt til þess að neyta forkaupsréttar síns samkvæmt henni, að stefndu verði sýknaðir af kröfum stefnanda að öðru leyti og stefnandi dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Réttargæslustefndi gerir engar kröfur í málinu.

II.

Málavextir.

Hinn 9. september 1994 keypti stefnandi öll hlutabréf Sláturfélags Suðurlands svf. í Loðskinnnum hf., að nafnverði 31.806.988 krónur, sem nam 20,27% af heildarhlutafé í félaginu. Kaupverðið var 14.000.000 króna, staðgreitt. Aðilar gerðu sama dag með sér sérstakt samkomulag um kaupin, og kemur þar fram, að kaupandi, stefnandi máls þessa, tók við öllum réttindum og skyldum skv. hinum seldu hlutum, þ. m. t. atkvæðisrétti. Síðan segir orðrétt í samkomulaginu: „Skinnaðnaði er kunnugt um, að hlutabréf SS í Loðskinnnum hf. hafa ekki verið gefin út, og framselur SS með samkomulagi þessu allan rétt sinn til að fá bréfin gefin út til Skinnaðnaðar, en ber ekki að öðru leyti ábyrgð á útgáfu þeirra og afhendingu bréfanna. Skinnaðnaði er kunnugt um ákvæði í samþykktum Loðskinna hf. um forkaupsrétt þess félags og einstakra hluthafa á hinum seldu hlutabréfum. Komi til þess, að Loðskinn hf. eða einstakir hluthafar þess neyti forkaupsréttar að hinum seldu hlutabréfum eða mat fari fram í samræmi við ákvæði samþykktu Loðskinna hf., skal Skinnaðnaður koma fram í umboði seljanda og annast uppgjör sölunnar til þeirra og bera þann kostnað, sem falla ætti á seljanda hlutabréfanna af þeim sökum. Leiði mat skv. samþykktum félagsins til þess, að kaupverð Loðskinna hf. eða einstakra hluthafa á hlutabréfunum verði ákveðið lægra en kaupverð skv. 1. gr. og Skinnaðnaður fái bréfin ekki keypt, skal greiðsla Skinnaðnaðar til SS skv. 1. gr., þ. e. 14.000.000 kr., standa óbreytt, og hefur Skinnaðnaður ekki rétt til að endurkrefja SS um kaupverðið eða þá greiðslu að neinu leyti. Greiðslan fyrir bréfin frá forkaupsréttarhafa rennur til Skinnaðnaðar.“

Samhliða þessum samningi gerðu stefnandi og SS með sér samning um kaup stefnanda á öllum gærum, sem til féllu í sláturhúsum SS næstu sex ár, en síðustu árin á undan hafði SS selt Loðskinnnum hf. allar gærur sínar, og voru þær u. þ. b. helmingur þess hráefnis, sem Loðskinn hf. notuðu á hverju ári.

Sláturfélag Suðurlands tilkynnti Loðskinnnum hf. um sölu hlutabréfanna með bréfi, dags. 15. sept. 1994, og var félaginu jafnframt boðinn forkaupsréttur. Af hálfu stefndu er því haldið fram, að sölunni hafi verið mótmælt strax munnlega, en síðan með bréfi 11. október til Sláturfélagsins. Í því bréfi komi fram, að Loðskinn hf. telji söluna andstæða samþykktum félagsins og hlutafélagalaga. Einnig var áskilinn réttur félagsins og einstakra hluthafa til að neyta forkaupsréttar. Hinn 10. október sendi Skinnaðnaður hluthöfum í Loðskinnnum bréf, þar sem þeim var boðið að neyta forkaupsréttar. Hinn 3.

nóvember 1994 tilkynntu Loðskinn hf. stefnanda, að stefndu ætluðu að neyta forkaupsréttar á hlutabréfunum, en jafnframt mótmæltu þeir kaupverðinu. Af hálfu stefndu var gerð tillaga um mat á grundvelli samþykktu Loðskinna hf., og tilnefndu þeir mann af sinni hálfu í samræmi við það. Stefnandi tilnefndi hins vegar ekki mann og tilkynnti síðar, að hann ætlaði ekki að gera það, en lagði til, að matsmenn yrðu allir dómkvaddir í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga.

2. febrúar 1995 fóru Loðskinn hf. þess á leit við dóminn, að dómkvaddir yrðu þrír óvilhallir menn til að meta, eins og greinir í matsbeiðninni, „réttmætt verðmæti hlutabréfa í Loðskinnnum hf. miðað við 9. september 1994 og þær upplýsingar, sem þá lágu til grundvallar“. Hinn 28. febrúar 1995 fór dómkvaðningin fram, og til að vinna hið umbeðna mat dómkvaddi dómarninn þá Helga Sigurðsson héraðsdómslögmann, Stefán Halldórsson rekstrarhagfræðing og Þorstein Haraldsson, löggiltan endurskoðanda. Matsgerð þeirra er dagsett 9. maí 1995, og varð niðurstaða matsins, að verðmæti hlutabréfanna væri ekkert. Stefnandi tilkynnti Loðskinnnum hf. með bréfi, dags. 28. júní 1995, að hann ætlaði ekki að una þessari niðurstöðu og því yrði farið með málið fyrir dómstóla.

— — —

IV.

Niðurstaða.

Með hinu óafturkræfa framsali hlutabréfanna og orðalagi í samningi um sölu hlutanna telur dómurinn, að stefnandi hafi haft umboð frá Sláturfélagi Suðurlands svf. til að koma fram í umboði þess félags um hvaðeina, er varðar hlutaféð, þ. m. t. að höfða mál þetta.

Þá hafa aðilar ekki gert athugasemd við framkvæmd dómkvaðningar matsmanna, matsmennina sjálfa né hvernig þeir stóðu að matinu.

Fyrir liggur, að matsmenn dagsettu matsgerð sína 9. maí 1995 og að reikningur vegna matsins var greiddur 29. maí 1995. Hins vegar er ekki ljóst, hvenær stefnanda barst matið í hendur, en því hefur ekki verið haldið fram af hálfu stefndu, að matsgerðin hafi verið afhent, áður en reikningur matsmanna var greiddur. Þannig er ljóst, að stefnanda var ekki kunnugt um niðurstöðu matsmanna fyrr en í fyrsta lagi 29. maí 1995. Hins vegar liggur fyrir skv. bréfi, dagsettu 24. maí 1995, að stefnanda var þá kunnugt um, að matsmenn höfðu lokið mati sínu u. þ. b. hálfum mánuði áður. Með bréfi, dagsettu 28. júní 1995, lýsir lögmaður stefnanda yfir því, að stefnandi uni ekki niðurstöðu matsmanna og muni því höfða mál til að fá því hnekk inn-
an þriggja mánaða, frá því að matsmenn luku störfum sínum.

Síðari málsliður 4. mgr. 19. gr. laga nr. 32/1978, hlutafélagalaga, sbr. nú 4.

mgr. 22. gr. laga nr. 2/1995, hljóðaði svo: „Nú vill annar hvor aðila eigi hlíta ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna og getur hann þá borið ákvörðunina undir dómstóla, en mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að hinir dómkvöddu matsmenn luku mati sínu.“ Ákvæði þetta kom fyrst inn í hlutafélagalög með 10. gr. laga nr. 69/1989 um breytingu á hlutafélagalögum. Í greinargerð með 10. gr. laga nr. 69/1989 er ekki að finna neina skýringu á því, hvenær matsmenn hafi lokið mati sínu, eða umfjöllun um frestinn að öðru leyti. Því verður að skýra ákvæðið eftir hljóðan þess og miða við dagsetningu matsgerðarinnar og telja, að matsmenn hafi þá lokið störfum við matið. Samkvæmt því er málið of seint höfðað, og skortir því skilyrði til að höfða mál um sakarefnið. Ber því að vísa málinu frá dómi ex officio.

Með vísan til 130. gr. laga um meðferð einkamála ber að dæma stefnanda til greiðslu málskostnaðar, sem telst hæfilega ákveðinn 600.000 krónur.

Dóminn kveða upp Halldór Halldórsson héraðsdómari sem dómsformaður og meðdómsmennirnir Símon Ásgeir Gunnarsson og Jón Þorbjörn Hilmarsson.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Skinnaiðnaður hf., greiði stefndu, Bjarna V. Magnússyni, Höfn-Þríhyrningi hf., Íslensku umboðssölunni hf., Björgvin Ólafssyni og Sauðárkrókskaupstað, sameiginlega 600.000 krónur í málskostnað.
